FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning
## vegna deiliskipulags í landi Mykjuness í Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu



Bjarni F. Einarsson
2004

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 62 sem er þar sem heitir Hellrar. Á bak við rústina grillir í skúta. Horft er til VNV. Ljósm. BFE.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landeigendur Mykjuness/Kanon arkitekta ehf
Maí 2004

***Inngangur***

Að beiðni Kanon arkitekta ehf. fyrir hönd landeigenda Mykjuness kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað sumarbústaðasvæði í Mykjunesi í Holta- og Landsveit í Rangárvallasýslu, vegna vinnu að deiliskipulagi svæðisins. Svæðið, sem væntanlegir bústaðir mun ná yfir, var kannað á vettvangi, en að öðru leyti var land bæjarins ekki kannað frekar (sjá mynd 1).

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram þann 27. maí. síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Hér fengu þó engar fornleifar önnur undirnúmer en 1. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Fylgt var númerakerfi Fornleifafræðistofunnar og byrjað á næsta lausa númeri.

Skipuleggjendur svæðisins eru Kanon arkitektar ehf.




Mynd 1. Loftmynd af hinu kannaða svæði í landi Mykjuness með staðsetningu fornleifa (blár litur). Hið kannaða svæði náði aðeins lengra til NA. Blár litur segir að fornleifarnar séu í lítilli hættu. Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

## *Skráningin*

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

| *Nr.* | *Teg.* | *Fj.* | *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Minjagildi* | *Friðlýst* | *Á að merkja?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **57:1** | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Sæm. | 1900- | Lítið | Nei | Nei |
| 58:1 | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Sæm. | 1550-1900 | Talsvert | Nei | Nei |
| 59:1 | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Nei | Nei |
| 60:1 | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Nei | Nei |
| 61:1 | Rústir | 2 | Skógrækt | Lítil | Sæm. | 1550-1900 | Talsvert | Nei | Nei |
| 62:1 | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Nei | Nei |
| 63:1 | Rúst | 1 | Byggingar | Lítil | Sæm. | 1550-1900 | Talsvert | Nei | Nei |
| 64 | Þjóðleið | 1 | Byggingar | Talsverð | Sæm. | 1550-1900 | Lítið | Nei | Nei |
| *8 staðir* | | *9 minjar* | | | | | | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði átta staðir með níu fornleifum. Einn staðanna geymdi tvær rústir eða fornleifar, aðrir aðeins einar.

Í ágætu ástandi voru tvær fornleifar, sex voru taldar í sæmilegu ástandi og einar voru í lélegu ástandi. Allar fornleifarnar voru taldar í lítilli hættu, þar af tvær vegna skógræktar. Í þessari skráningu er annars gengið út frá því að skipulag svæðisins taki mið af fornleifunum og þeim ekki raskað á nokkurn hátt. Þess vegna er hættan talin lítil. Verði hins vegar ekki hægt að tryggja öryggi þeirra eða komast hjá raski breytist hættan og þá þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.




Mynd 2. Fornleifar nr. 61. Teikn. BFE.

Allar minjarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900 utan einar sem eru taldar yngri en 1900. Bent skal á að eldri minjar gætu leynst í

kring um rústaþyrpinguna nr. 57 – 60. Örnefnið Hellrar, þar sem sandsteinshellan kemur í ljós við rúst nr. 62, bendir óneytanlega til þess að þar hafi einhverntíman verið hellir eða öllu heldur hellar. Annað hvort eru þeir hrundir eða að þeir leynist undir jarðvegi.

Sex fornleifar eru taldar hafa talsvert minjagildi en þrjár lítið. Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

***Niðurstaða***

Alls fundust átta staðir með níu fornleifum á svæði því sem deiliskipulagið nær yfir sbr. mynd 1.

Ef mikilvægt reynist að farga þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ætti mótvægisaðgerða ekki að vera þörf. Leyta þarf þó leyfis Fornleifaverndar ríkisins til þessa.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 59 og 60. Þar undir sverðinum gætu eldri minjar leynst.

***Heimildir***

*Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

*Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Örnefnaskrá. Mykjunes. Handrit. Örnefnastofnun.

***Fylgirit:***

**Fornleifaskrá**

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | 57 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | - | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.66 W 020°22.34 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Ærhús | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Sæmilegt | 1900- | | Lítið | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Ca. 6 m SSA af slóða, í grasi grónni brekku í Kambsheiði (öðru nafni Hellraheiði).

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá Mykjuness. Handrit. Örnefnastofnun.

*Lýsing*

**Rúst.**
6 x 8,5 m (NNV - SSA). Veggir úr torfi og grjóti (sandsteini), 2 m breiðir og 0,5 - 1,3 m háir. Dyr eru ekki greinanlegar. Garðlög sjást vel að innanverðu á langhliðum, en þar er rústin hæst og minnst fallin. Rústin er vel gróin grasi. Skv. Örnefnaskrá var ærhús á þessum slóðum.
4 m V af henni eru fornleifar nr. 58.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | 58 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.65 W 020°22.33 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

**Lega og staðhættir**

Ca. 2 m SSA af slóða, í grasi grónni brekku í Kambsheiði.

**Heimildir og munnmæli**

**Lýsing**

**Rúst.**
4 x 7 m (NNV - SSA). Veggir úr torfi (og grjóti?), ca. 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,6 m háir. Dyr eru ekki greinanlegar. Rústin er vel gróin grasi.
4 m A af henni eru fornleifar nr. 57.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus mju 300 |

**Athugasemdir**

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | **59** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | | **1** |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.64 W 020°22.28 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Hrútakofi | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Ca. 50 m SSA af slóða, í grasi grónni brekku í Kambsheiði.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
4 x 6 m (ANA - VSV). Veggir úr torfi (og grjóti?), ca. 1,5 - 1,8 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir. Dyr eru ekki greinanlegar. Rústin er vel gróin grasi.
Norðan við rústina virðist vera aðhald eða gerði sem stungið hefur verið niður í brekkuna.
5 m S af henni eru fornleifar nr. 60.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
| *Filma nr./teg. myndar* | Stafræn. Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | 60 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.64 W 020°22.28 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Fjárborg | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Ca. 50 m SSA af slóða, í grasi grónni brekku í Kambsheiði.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
Nánast hringlaga, 6,5 - 7 m í þvermál. Veggir úr torfi (og grjóti?), 2 - 2,5 m breiðir og 0,5 - 0,7 m háir.
Rústin er vel gróin.
Dyr eru ekki greinanlegar svo að öruggt sé, en þó má grilla í slíkar til S.
Sé um fjárborg að ræða ættu veggirnir að vera úr grjóti einu saman.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

**Aðalnr.** 61

**Sýsla:** Rangárvallasýsla
**Sveitarfélag:** Holta- og Landsveit
**Tákntala:** 8608

**Landareign:** Mykjunes
**Nr:**
**Heiti:**
**Undirnr.** 1

**Staðfræðikort:**
**GPS Staðsetning:** N 63°56.68 W 020°21.98
**M.y. sjó:**
**Skekkja:** <10

**Tegund minja:** Rústir
**Tilgáta:** Fjárhús
**Fjöldi:** 2

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skógrækt | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Suðaustan við rætur grasi gróins hóls (Kofarima?), skammt norðvestur af mýri.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá Mykjuness. Handrit. Örnefnastofnun.

*Lýsing*

**Rústir.**

*1) Rúst.*

5 x 10 m (NA - SV). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Allavega tvö hólf eru í rústinni (hólf A og B). Dyr eru á þeim báðum til SA. Rústin er nokkuð óregluleg í laginu og vel gróin grasi. Hugsanlega eru þetta leifar af beitarhúsi.
1 m V af rúst 1) er rúst 2):

*2) Rúst.*

4,5 x 4,5 m (NA - SV). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1,2 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir. Dyr eru ekki greinanlegar. Hugsanlega eru þetta leifar af hrútakofa.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



**Ljósmyndari:** Bjarni F. Einarsson
**Filma nr./teg. myndar:** Stafræn. Olympus mju 300

*Athugasemdir*

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Táknatala* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | **62** |

| *Landareign* | *Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | | **1** |

| *Staðfræðikort* | *GPS Staðsetning* | *M.y. sjó* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.62 W 020°22.29 | | <10 |

| *Tegund minja* | *Tilgáta* | *Fjöldi* |
|---|---|---|
| Rúst | Stekkur | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Minjagildi* | *Merkja?* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | | Lítið | Nei |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Suðaustan undir skúta, sunnnan í Kambsheiði (öðru nafni Hellraheiði).

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá Mykjuness. Handrit. Örnefnastofnun.

*Lýsing*

**Rúst.**
5 x 9 m (VNV - ASA). Veggir úr torfi (og grjóti?), ca. 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir.
Dyr eru til ASA. Rústin er nokkuð óljós í laginu og illa farin. Hún er áföst skúta úr sandsteini og er hann nýttur sem gafl rústarinnar.
Rústin er vel gróin.
Svæðið (skútinn og nánasta umhverfi) sem rústin er á kallast Hellrar. Þetta bendir til þess að hellir eða hellar hafi verið á svæðinu og vel getur verið að einhverntíman hafi rústin verið við hellir eða dýpri skúta).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar*: Stafræn. Olympus mju 300

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknтala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | **63** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes | | | **1** |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.50 W 020°22.40 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Fjárhús | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á litlum hól við mýri (Kofarimi syðri?) suður af austur enda Kambsheiði (einnig kölluð Hellraheiði).

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá Mykjuness. Handrit. Örnefnastofnun.

*Lýsing*

**Rúst.**
4,5 x 5 m (A - V). Veggir úr torfi, 1 - 1,3 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. Dyr snúa mót V. Rústin er vel gróin grasi. Við hana eru nokkrar holur sem gætu verið eftir efnistöku þegar mannvirkið var byggt.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Holta- og Landsveit | 8608 | 64 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Mykjunes o.fl. | | | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|
| | N 63°56.59 W 020°22.56 | | <10 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Þjóðleið | | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skógrækt | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | | Lítið | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 27.05.2004 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Liggur sunna undir Kambsheiðinni og svo til vesturs.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Þjóðleið.**
Leiðin liggur neðst í Kambsheiðinni (eða Hellraheiðinni). Þar er hún víða nokkuð greinileg þar sem hún myndar djúpa skorninga. Þegar heiðin tekur að lækka skammt suðvestur af sandsteinshellunum (Hellrunum) beygir leiðin til vesturs. Þar skiftir hún sér í margar reiðgötur og eru sumar hverjar býsna djúpar. Sjást þær vel á loftmynd. Þegar komið er vel upp á Kambsheiðina sameinast þessi leið annari sem liggur efst á heiðinni eða því sem næst.
Leiðin er vel gróin.
Leiðin var ekki skoðuð frekar.
Hugsanlega er þetta gömul leið frá Akbraut hinni fornu.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*